

Nd.

605. Frumvarp

til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Styrktarsjóð skal stofna handa barnakennurum landsins. Stofnfé hans, 5,000 krónur, leggur landssjóður til.

2. gr.

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum séu þau ekki hærrí en 500 kr., 1½% séu þau yfir 500 kr. og alt að 1000 kr. og 2% ef þau eru yfir 1000 kr.

3. gr.

Sjóðurinn fær 1,000 kr. styrk úr landssjóði á hverju ári.

4. gr.

Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóð þessum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kýs.

5. gr.

Því að eins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sé styrkþurfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kenslustörfum sakir heilsubilunar.

6. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20,000 kr., en síðan ¼ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðru vísi sé ákveðið af gefanda.

7. gr.

Nánari reglur um starfsemi sjóðsins, innheimtu, styrkveiting og reikningskil semur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið tillögu þar um frá forstöðu-nefnd hans.